

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 80/2009

2016/EES/05/12

frá 14. janúar 2009

um hátternisreglur fyrir notkun tölvufarskráningarkerfa og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2299/89 (*)

EVROÞUBINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

Með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 71. og 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

með hliðsjón af álitum Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar ⁽²⁾,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2299/89 frá 24. júlí 1989 um starfsreglur fyrir notkun tölvufarskráningarkerfa ⁽⁴⁾ hefur stuðlað mjög að því að tryggja sanngjörn og óhlutdræg skilyrði fyrir flugrekendum innan ramma tölvufarskráningarkerfis (e. computerised reservation system (CRS)) og verndar þannig hagsmuni neytenda.
- 2) Enn fer umtalsverður hluti flugbókana fram í gegnum tölvufarskráningarkerfi.
- 3) Vegna tækni- og markaðsþróunar er hægt að einfalda lagarammann töluvert með því að veita kerfisseljendum og flugrekendum aukið svigrúm til að semja um farskráningargjöld og innihald fargjalda. Þannig væri þeim gert kleift að vera sveigjanlegir og laga sig að þörfum og óskum ferðaskrifstofa og neytenda og að miðla flutningaþjónustu sinni af meiri skilvirkni.
- 4) Við núverandi markaðsaðstæður er engu að síður nauðsynlegt að viðhalda tilteknum ákvæðum um tölvufarskráningarkerfi, svo fremi að þau feli í sér flutningaþjónustu, til að koma í veg fyrir samkeppnishömlur og til að tryggja neytendum hlutlausar upplýsingar.

5) Það getur raskað samkeppni á milli tölvufarskráningarkerfa verulega ef móðurflytjendur neita að veita öðrum kerfum sömu upplýsingar um áætlanir, laus sæti og fargjöld og þeir veita sínum eigin, eða neita að samþykkja farskráningar frá þeim kerfum.

6) Nauðsynlegt er að viðhalda virkri samkeppni á milli aðildarflytjenda og móðurflytjenda og að tryggja að meginreglan um bann við mismunun sé virt meðal flugrekenda óháð þátttöku þeirra í tölvufarskráningarkerfum.

7) Til að tryggja gagnsæ og sambærileg samkeppnisskilyrði á markaði skulu móðurflytjendur lúta sértækum reglum.

8) Til að koma í veg fyrir að móðurflytjendur hafi forgang að þjónustu tölvufarskráningarkerfa skulu kerfisseljendur aðskilja þau kerfi á skýran hátt frá innri kerfum og öðrum bókunarkerfum flugrekenda og skulu ekki áskilja móðurflytjendum sínum miðlunarkerfin.

9) Til að vernda hagsmuni neytenda er nauðsynlegt að það upphafsfirlit, sem birtist notendum tölvufarskráningarkerfa, sé óhlutdrægt og að tryggt sé að upplýsingar um alla aðildarflytjendur séu jafn aðgengilegar til að einum aðildarflytjanda sé ekki gert hærra undir höfði en öðrum.

10) Óhlutdrægt yfirlit eykur gagnsæi flutningaþjónustu og annarrar þjónustu, sem aðildarflytjendur bjóða, og eykur tiltrú neytenda.

11) Kerfisseljendur skulu tryggja að markaðsgögn tölvufarskráningarkerfa séu tiltækileg öllum aðildarflytjendum, án mismununar, og veitendum flutningaþjónustu skal ekki unnt að nýta slík gögn til að hafa óæskileg áhrif á val ferðaskrifstofu eða neytanda.

12) Samningar á milli áskrifenda og kerfisseljanda um gagnaskrár með upplýsingum um markaðssetningu (e. Marketing Information Data Tapes (MIDT)) geta falið í sér bótakerfi í þágu áskrifenda.

13) Auðvelda skal upplýsingagjöf um járnbrautaþjónustu og járnbrautaþjónustu/flutningaflug á skjáfyrliti tölvufarskráningarkerfa.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 35, 4.2.2009, bls. 47. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 318/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 224, 30.8.2008, bls. 57.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 233, 11.9.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 4. september 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 16. desember 2008.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 220, 29.7.1989, bls. 1.

- 14) Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu (endurútgæfin) ⁽¹⁾, verða flugrekendur að birta fargjöld sín að meðtöldum öllum gildandi sköttum og gjöldum, aukagjöldum og þóknunum, sem eru óhjákvæmileg og fyrirsjáanleg. Á skjáýfirlitum tölvufarskráningarkerfa skulu koma fram fargjaldaupplýsingar, sem fela í sér sömu verðflokka, til að tryggja að ferðaskrifstofur geti komið þessum upplýsingum á framfæri við viðskiptavinina.
- 15) Í framtíðinni skulu upplýsingar um flutninga með hópþjónustu í tengslum við flutningaflug eða járnbrautaþjónustu, sem bjóðast samhliða flutningaflugi, birtar á aðalskjáýfirliti tölvufarskráningarkerfa.
- 16) Hvetja skal til þess að í tölvufarskráningarkerfum verði í framtíðinni að finna auðskildar upplýsingar um losun koltvísýrings og eldsneytisnotkun flugs. Þetta má sýna með gögnum um meðaltal eldsneytisnotkunar á hvern einstakling í líturum á hverja 100 km og meðaltal koltvísýringslosunar á hvern einstakling í grömmum á kílómetra og, að því er varðar ferðir sem eru styttri en fimm klukkustundir, með samanburði við gögn um bestu mögulegu tengiferð með lest eða hópþjónustu.
- 17) Flugrekendur skulu njóta jafnrar meðferðar að því er varðar þjónustu tölvufarskráningarkerfa hvort sem þeir eru innan Bandalagsins eða frá þriðju löndum.
- 18) Til að tryggja að þessari reglugerð sé rétt beitt skal framkvæmdastjórnin hafa viðeigandi framkvæmdarheimildir, þ.m.t. möguleika á að rannsaka brot, hvort heldur er að eigin frumkvæði eða á grundvelli kvörtunar, að mæla fyrir um að hlutaðeigandi fyrirtæki láti af slíkum brotum og möguleika á að beita sektum.
- 19) Framkvæmdastjórnin skal hafa reglulegt eftirlit með beitingu þessarar reglugerðar og þá einkum skilvirkni hennar við að koma í veg fyrir samkeppnishamlandi athafnir og mismunun á markaði fyrir miðlun flutningaþjónustu í gegnum tölvufarskráningarkerfi, sérstaklega með tilliti til þess að flutningsaðilar, með nánin tengsl við kerfisseljendur, eru fyrir hendi.
- 20) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á beitingu 81. og 82. gr. sáttmálans. Þessi reglugerð er til viðbótar almennum samkeppnisreglum sem gilda að fullu um samkeppnishömlur, s.s. brot á reglum gegn einokun og hringamyndun eða misnotkun markaðsráðandi stöðu.
- 21) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ⁽²⁾ gildir um vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga. Ákvæði þessarar reglugerðar eru viðbót við og nánari umfjöllun um ákvæði tilskipunar 95/46/EB að því er varðar starfsemi tölvufarskráningarkerfa.

- 22) Reglugerð (EBE) nr. 2299/89 ber að fella úr gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. ÞÁTTUR

INNGANGSÁKVÆÐI

1. gr.

Efni og gildissvið

Reglugerð þessi gildir um öll tölvufarskráningarkerfi, sem í boði eru eða notuð innan Bandalagsins, svo fremi þau nái til flutningaflugs.

Reglugerð þessi gildir einnig um járnbrautaþjónustu sem birtist samhliða flutningaflugi á aðalskjáýfirliti tölvufarskráningarkerfis sem stendur til boða eða notað er innan Bandalagsins.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „flutningaþjónusta“: flutningur farþega á milli tveggja flugvalla eða járnbrautarstöðva,
2. „áætlunarflug“: röð flugferða sem einkennast af öllum eftirfarandi atriðum:
 - a) í hverju flugi eru sæti og/eða rými til flutnings á farmi og/eða pósti boðin almenningi til kaups (annaðhvort beint frá flugrekanda eða af viðurkenndum umboðsaðila hans),
 - b) flogið er milli sömu flugvalla, tveggja eða fleiri, annaðhvort:
 - samkvæmt útgefinni áætlun eða
 - með svo reglulegum eða tíðum ferðum að telja má að um reglubundnar ferðir sé að ræða,

3. „fargjöld“: verð sem farþegar skulu greiða flugrekendum, rekstraraðilum í járnbrautaflutningum, umboðsaðilum þeirra eða öðrum farmiðasölum fyrir flutning þessara farþega með flutningaþjónustu og samkvæmt hvaða skilyrðum þetta verð gildir, þ.m.t. þóknun og skilyrði sem bjóðast ferðaskrifstofum og önnur stöðþjónusta,

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 293, 31.10.2008, bls. 3.

⁽²⁾ Stjótið. ESB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

4. „tölvufarskráningarkerfi“: tölvukerfi þar sem m.a. er að finna upplýsingar fleiri en eins flugrekanda um áætlanir, laus sæti og fargjöld, með eða án möguleika á farskráningu eða farmiðaútgáfu, að því marki sem þessi þjónusta er að hluta eða að fullu gerð aðgengileg áskrifendum,
5. „kerfisseljandi“: fyrirtæki og eignatengd fyrirtæki sem bera ábyrgð á starfrækslu eða markaðssetningu tölvufarskráningarkerfis,
6. „miðlunarkerfi“: búnaður, sem kerfisseljandi útvegar, til að miðla upplýsingum um áætlanir, laus sæti, fargjöld og tengda þjónustu flugrekanda og rekstraraðila í járnbrautaflutningum, til farskráningar og/eða farmiðaútgáfu, sem og til annarrar tengdrar þjónustu,
7. „móðurflytjandi“: flugrekandi eða rekstraraðili í járnbrautaflutningum sem með beinum eða óbeinum hætti, einn eða ásamt öðrum, stjórnar kerfisseljanda eða á hlut í kerfisseljanda, með réttindum eða fulltrúa í stjórn hans, eftirlitsstjórn eða annarri stjórn, svo og hver sá flugrekandi eða rekstraraðili í járnbrautaflutningum, sem hann stjórnar,
8. „að eiga hlut í kerfisseljanda með réttindum eða fulltrúa í stjórn hans, eftirlitsstjórn eða annarri stjórn“: fjárfesting sem fylgja réttindi eða fulltrúi í stjórn eða yfirstjórn kerfisseljanda og gerir hlutaðeigandi kleift að hafa, einum eða ásamt öðrum, afgerandi áhrif á það hvernig kerfisseljandi hagar rekstri sínum.
9. „stjórnun“: tengsl sem til er stofnað á grundvelli réttinda, samninga eða með öðrum aðferðum sem, annaðhvort í sameiningu eða hver um sig og með hliðsjón af raunverulegum eða lagalegum tengslum, veita möguleika á að hafa afgerandi áhrif á fyrirtæki, einkum með:
 - a) eignarhaldi eða rétti til að nota eignir fyrirtækis, allar eða að hluta,
 - b) rétti eða samningum sem hafa afgerandi áhrif á samsetningu, atkvæðagreiðslu eða ákvarðanir stofnana fyrirtækis,
10. „aðildarflytjandi“: flugrekandi eða rekstraraðili í járnbrautaflutningum sem hefur gert samning við kerfisseljanda um miðlun flutningaþjónustu í gegnum tölvufarskráningarkerfi,
11. „áskrifandi“: einstaklingur eða fyrirtæki, þó ekki aðildarflytjandi, sem notar tölvufarskráningarkerfi samkvæmt samningi við kerfisseljanda í þeim tilgangi að bóka flutningaflug eða tengda þjónustu fyrir hönd viðskiptavinar,
12. „aðalskjáýfirlit“: alhliða, hlutlaust yfirlit á skjá yfir gögn er varða flutningaþjónustu á milli borgartvennda innan tiltekins tímabils,
13. „farmiði“: gilt skjal eða ígildi þess í pappírslausu formi, sem felur í sér rétt til ferðar, gefið út eða viðurkennt af flugrekanda, rekstraraðila í járnbrautaflutningum eða viðurkenndum umboðsmanni þeirra,
14. „samsett þjónusta“: fyrirframákveðin samsetning flutnings ásamt annarri þjónustu sem ekki er hluti af flutningi en boðið er upp á og innifalin er í verðinu,
15. „farskráningargjald“: það verð sem flugrekendur skulu greiða kerfisseljendum fyrir þjónustu tölvufarskráningarkerfis.

2. ÞÁTTUR

HÁTTERNISREGLUR FYRIR KERFISSELJENDUR

3. gr.

Tengsl við veitendur flutningaþjónustu

1. Kerfisseljanda er óheimilt:
 - a) að setja ósanngjörn og/eða óréttmæt skilyrði fyrir samningi við aðildarflytjanda eða krefjast samþykkis á viðbótarskilyrðum, sem í eðli sínu og samkvæmt viðtekinni viðskiptavenju eru óviðkomandi þátttöku í tölvufarskráningarkerfi hans,
 - b) gera að skilyrði fyrir þátttöku í tölvufarskráningarkerfi sínu að aðildarflytjandi eigi ekki jafnframt aðild að öðru tölvufarskráningarkerfi eða að aðildarflytjanda sé ekki fjálst að nota önnur farskráningarkerfi s.s. eigin farskráningarkerfi á Netinu og símsvörunarþjónustu.
2. Kerfisseljandi skal, af sömu vandvirkni og með sama hraða, hlaða inn og vinna úr gögnum sem mismunandi aðildarflytjendur láta honum í té, aðeins með fyrirvara um takmarkanir þeirrar aðferðar sem einstakir aðildarflytjendur velja til að hlaða inn gögnum,
3. Kerfisseljandi skal birta opinberlega, nema það sé gert opinbert með öðrum hætti, hvort, og þá að hvaða marki, flugrekandi eða rekstraraðili í járnbrautaflutningum eigi beina eða óbeina eignarhlutdeild í kerfisseljanda eða hvort kerfisseljandi eigi eignarhlutdeild í flugrekanda eða rekstraraðila í járnbrautaflutningum.

4. gr.

Miðlunarkerfi

1. Kerfisseljandi skal ekki bjóða einhverjum einum eða fleiri aðildarflytjendum fremur öðrum, þ.m.t. móðurflytjanda eða móðurflytjendum sínum, sérstaka tilhögun við að hlaða inn eða vinna úr gögnum, annað miðlunarkerfi eða breytingar þar á. Kerfisseljandi skal veita öllum aðildarflytjendum upplýsingar um breytingar á miðlunarkerfi sínu og á tilhögun við að hlaða inn og vinna úr gögnum.

2. Kerfisseljandi skal tryggja að miðlunarkerfi hans sé aðskilið, a.m.k. með hugbúnaði og með skýrum og sannreynanlegum hætti, frá skráum hvers og eins flutningsaðila um sætaframboð sem og frá stjórnunar- og markaðssetningarkerfum þeirra.

5. gr.

Yfirlit

1. Kerfisseljandi skal sjá notendum fyrir aðalskjáfyrliti eða -yfirlitum yfir hverja einstaka færslu í tölvufarskráningarkerfi sínu, þar sem fram koma upplýsingar frá aðildarflytjendum á skýran og skilmerkilegan hátt, án mismununar eða hlutdrægni. Viðmiðunarreglur um röðun upplýsinga skulu hvorki beint né óbeint tengjast því hver flutningsaðilinn er og skal þeim beitt án mismununar gagnvart öllum aðildarflytjendum. Aðalskjáfyrlitið skal ekki villa um fyrir notanda, það skal vera aðgengilegt og uppfylla reglur sem settar eru fram í I. viðauka.

2. Ef um er að ræða upplýsingar til neytanda, sem fengnar eru úr tölvufarskráningarkerfi, skal áskrifandi nota hlutlaust skjáfyrlit, í samræmi við 1. mgr., nema annars konar yfirlit sé nauðsynlegt til að mæta óskum neytandans.

3. Á yfirlitinu skal, með skýrum hætti, tilgreina flug á vegum flugrekenda sem sæta flugrekstrarbanni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins⁽¹⁾ og um að upplýsa flugfarþega um hvaða flugrekendur annast flutning.

4. Kerfisseljandi skal taka upp sérstakt tákni á skjáfyrliti tölvufarskráningarkerfa sem er auðþekkjandi fyrir notendur og ætlað þeim til upplýsingar um hver sé starfandi flugrekandi, eins og kveðið er á um í 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005.

5. Grein þessi gildir ekki um tölvufarskráningarkerfi, sem flugrekandi eða rekstraraðili í járnbrautaflutningum eða hópur flugrekanda eða rekstraraðila í járnbrautaflutningum, nota á eigin skrifstofum og afgreiðsluborðum eða á eigin vefsetrum, séu þau greinilega merkt sem slík.

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15.

6. gr.

Tengsl við áskrifendur

1. Kerfisseljandi er óheimilt að setja ósamngjörn og/eða óréttmæt skilyrði fyrir samningi við aðildarflytningafyrirtæki, s.s. að koma í veg fyrir að hann gerist áskrifandi að öðru eða öðrum kerfum eða noti þau, að krefjast samþykkis á viðbótarskilyrðum, sem eru óviðkomandi áskrift að tölvufarskráningarkerfi hans, eða að skylda áskrifanda til að samþykkja tilboð um tæknibúnað eða hugbúnað.

2. Ef áskrifandi er óháð fyrirtæki, með færri en 50 starfsmenn og ársveltu og/eða árlega niðurstöðutölu efnahagsreiknings undir 10 milljónum evra, getur hann sagt upp samningi sínum við kerfisseljanda með fyrirvara sem þarf ekki að vera lengri en þrjú mánuðir en þó skal vera liðið minnst heilt ár af samningstímanum áður en hann fellur úr gildi. Í slíkum tilvikum á kerfisseljandi einungis rétt á að fá endurgreiddan kostnað sem tengist uppsögn samningsins beint.

7. gr.

Gagnaskrár með upplýsingum um markaðssetningu

1. Kerfisseljendum er heimilt að gera öll gögn um markaðssetningu, farskráningar og sölu aðgengileg, að því tilskildu að öllum aðildarflytjendum, þ.m.t. móðurflytjendum, standi þau til boða á sama tíma og án mismununar. Gögn geta átt og, sé þess óskað, skulu eiga við um alla aðildarflytjendur og/eða áskrifendur.

2. Aðildarflytjendur skulu ekki nota slík gögn til að hafa áhrif á val áskrifanda.

3. Ef slík gögn verða til vegna notkunar áskrifanda, með staðfestu innan Bandalagsins, á miðlunarkerfi tölvufarskráningarkerfis skulu þau ekki innihalda neina auðkenningu, hvorki beina né óbeina, á þeim áskrifanda, nema áskrifandinn og kerfisseljandinn komist að samkomulagi um skilyrði fyrir viðeigandi notkun slíkra gagna. Þetta á jafnframt við þegar kerfisseljendur veita öðrum aðilum þessar upplýsingar í öðrum tilgangi en til uppgjör reikninga.

4. Samningar, á milli áskrifanda eða áskrifenda annars vegar og kerfisseljanda eða kerfisseljenda hins vegar, um gagnaskrár með upplýsingum um markaðssetningu skulu gerðir aðgengilegir almenningi.

8. gr.

Sambærileg meðferð í þriðja löndum

1. Ef kerfisseljandi, starfandi í þriðja landi, veitir flugrekendum í Bandalaginu ekki sambærilega meðferð og hann veitir aðildarflytjendum frá þriðja landinu, að því er varðar málefni sem um er fjallað í þessari reglugerð, getur framkvæmdastjórnin krafist þess að allir kerfisseljendur, starfandi í Bandalaginu, veiti flugrekendum frá þriðja landinu sambærilega meðferð og þá sem flugrekendur í Bandalaginu fá í því þriðja landi, sbr. þó alþjóðasamninga sem Bandalagið eða aðildarríkin eru aðilar að.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa eftirlit með því hvort kerfisseljendur í þriðju löndum beiti flugrekendur í Bandalaginu meðferð sem er ósambærileg eða hefur mismunun í för með sér. Að beiðni frá aðildarríki eða að eigin frumkvæði skal framkvæmdastjórnin rannsaka hugsanleg tilfelli um að flugrekendur í Bandalaginu sæti mismunun í tölvufarskráningarkerfum þriðju landa. Ef slíkar mismununar verður vart skal framkvæmdastjórnin, áður en ákvörðun er tekin, upplýsa aðildarríkin og hagsmunaaðila þar um og leita athugasemda frá þeim, þ.m.t. með því að halda fund með viðeigandi sérfræðingum frá aðildarríkjunum.

3. ÞÁTTUR

HÁTTERNISREGLUR FYRIR VEITENDUR FLUTNINGAÞJÓNUSTU

9. gr.

Gögn frá aðildarflytjendum

Aðildarflytjendur og milliliðir sem meðhöndla gögn skulu tryggja að gögnin, sem lögð eru fram til tölvufarskráningarkerfis, séu nákvæm og að þau geri kerfisseljanda kleift að fylgja reglunum sem settar eru fram í I. viðauka.

10. gr.

Sértækar reglur fyrir móðurflytjendur

1. Með fyrirvara um gagnkvæmni, eins og um getur í 2. mgr., er móðurflytjanda óheimilt að mismuna tölvufarskráningarkerfi samkeppnisaðila með því að neita að veita því, að fenginni beiðni þess, sömu gögn um áætlanir, fargjöld og laus sæti, í tengslum við eigin flutningaþjónustu, jafn greiðlega og það veitir eigin tölvufarskráningarkerfi þessi gögn, eða neita að miðla flutningaþjónustu sinni um annað tölvufarskráningarkerfi eða neita að taka við eða staðfesta jafn greiðlega, farskráningu, sem gerð er í gegnum tölvufarskráningarkerfi samkeppnisaðila, á flutningaþjónustu móðurflytjandans sem miðlað er með þess eigin tölvufarskráningarkerfi. Móðurflytjanda skal einungis skylt að taka við og staðfesta þær farskráningar sem eru í samræmi við fargjöld hans og skilmála.

2. Tölvufarskráningarkerfi samkeppnisaðila er óheimilt að neita að vista gögn um tímaáætlanir, fargjöld og laus sæti, í tengslum við flutningaþjónustu sem móðurflytjandi býður upp á, og skal kerfið hlaða inn og vinna úr gögnum af sömu vandvirkni og gert er fyrir aðra viðskiptavinum og áskrifendum á öllum mörkuðum, aðeins með fyrirvara um takmarkanir þeirrar aðferðar við að hlaða inn gögnum sem hver flutningsaðili velur sér.

3. Móðurflytjanda ber ekki skylda til að taka þátt í neinum útgjöldum þessu samfara, nema útgjöldum vegna fjölföldunar þeirra gagna sem leggja á fram og vegna farskráninga sem hann tekur við. Gjald, sem greiða skal til tölvufarskráningarkerfis vegna farskráningar, sem hann tekur við og sem gerð er í samræmi við 1. mgr., skal vera í samræmi við gjaldið sem sama tölvufarskráningarkerfi tekur fyrir sams konar skráningu af öðrum aðildarflytjendum.

4. Móðurflytjandi skal ekki standa að mismunun, með beinum eða óbeinum hætti, í þágu eigin tölvufarskráningarkerfis með því að tengja notkun áskrifanda á tilteknu tölvufarskráningarkerfi einhvers konar umboðslaunum eða hvetja eða letja á annan hátt til sölu á flutningaþjónustu sinni.

5. Móðurflytjandi skal ekki standa að mismunun, með beinum eða óbeinum hætti, í þágu eigin tölvufarskráningarkerfis með því að krefjast þess að áskrifandi noti tiltekið tölvufarskráningarkerfi við sölu eða útgáfu farmiða vegna flutningaþjónustu, sem móðurflytjandinn sjálfur veitir, með beinum eða óbeinum hætti.

4. ÞÁTTUR

VERND PERSÓNUUPPLÝSINGA

11. gr.

Vinnsla, aðgangur og geymsla persónuupplýsinga

1. Einungis skal vinna úr persónuupplýsingum, sem safnað er við notkun tölvufarskráningarkerfis í tengslum við farskráningar eða farmiðaútgáfu fyrir flutningaþjónustu, þannig að það samrýmist þeim tilgangi. Að því er varðar vinnslu slíkra gagna telst kerfisseljandi vera ábyrgðaraðili gagna í samræmi við d-lið 2. gr. tilskipunar 95/46/EB.

2. Persónuupplýsingar skal eingöngu vinna að svo miklu leyti sem vinnsla er nauðsynleg vegna framkvæmdar samnings, sem skráður aðili á aðild að, eða til þess að gera ráðstafanir, að beiðni skráða aðilans, áður en samningur er gerður.

3. Ef um er að ræða sérstaka gagnaflokka, sem um getur í 8. gr. tilskipunar 95/46/EB, skal aðeins vinna slík gögn ef skráður aðili hefur á upplýstum grundvelli veitt ótvírætt samþykki fyrir vinnslu þeirra gagna.

4. Upplýsingar, sem eru á ábyrgð kerfisseljanda, um persónugreinanlegar, einstakar farskráningar, skulu vistaðar utan nets innan sjötíu og tveggja klukkustunda frá því að síðasta hluta einstöku farskráningarinnar er lokið og skal þeim eytt innan þriggja ára. Aðgang að slíkum gögnum skal einungis veita vegna ágreiningsmála er varðar reikninga.

5. Gögn um markaðssetningu, farskráningu og sölu, sem kerfisseljandi gerir aðgengileg, mega ekki innihalda nein auðkenni einstaklinga, bein eða óbein, eða, eftir atvikum, þeirra stofnana eða fyrirtækja sem einstaklingarnir eru í fyrirsvari fyrir.

6. Óski neytandi þess skal áskrifandi upplýsa hann um nafn og heimilisfang kerfisseljandans, tilgang gagnavinnslunnar, hve lengi persónuupplýsingar eru geymdar og hvaða leiðir skráður aðili hefur til að nálgast gögnin.

7. Skráður aðili skal hafa rétt á aðgangi að gögnum sem hann varða, án endurgjalds, óháð því hvort þau eru geymd hjá kerfisseljanda eða áskrifanda.

8. Þau réttindi, sem viðurkennd eru í þessari grein, skulu koma til fyllingar og til viðbótar þeim réttindum skráðs aðila sem mælt er fyrir um í tilskipun 95/46/EB, í ákvæðum landslaga, sem samþykkt eru samkvæmt henni, sem og í ákvæðum alþjóðasamninga sem Bandalagið er aðili að.

9. Ákvæði þessarar reglugerðar eru viðbót við og nánari umfjöllun um ákvæði tilskipunar 95/46/EB í þeim tilgangi sem greint er frá í 1. gr. Ef ekki er kveðið á um annað gilda skilgreiningar þeirrar tilskipunar. Ef sértæku ákvæðin, að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við starfsemi tölvufarskráningarkerfa, sem mælt er fyrir um í þessari grein, eiga ekki við skal þessi reglugerð ekki hafa áhrif á ákvæði þeirrar tilskipunar, ákvæði landslaga, sem samþykkt eru samkvæmt henni, eða ákvæði alþjóðasamninga sem Bandalagið er aðili að.

10. Ef kerfisseljandi starfrækir gagnagrunna í mismunandi tilgangi, t.d. sem tölvufarskráningarkerfi eða sem hýsil fyrir flugrekendur, skal grípa til tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana til að koma í veg fyrir að reglur um gagnavernd séu sniðgengnar með því að tengja saman gagnagrunna og til að tryggja að persónuupplýsingar séu aðeins aðgengilegar í þeim sérstaka tilgangi sem þeim var safnað fyrir.

5. ÞÁTTUR

ENDURSKOÐUN

12. gr.

Endurskoðandi og endurskoðuð skýrsla

1. Allir kerfisseljendur skulu, á fjögurra ára fresti og að auki að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, leggja fram skýrslu, sem hefur verið endurskoðuð á óháðan hátt, þar sem gerð er grein fyrir eignarhaldsformi og stjórnunarháttum. Kerfisseljandi skal standa straum af kostnaði vegna endurskoðuðu skýrslunnar.

2. Kerfisseljandi skal tilkynna framkvæmdastjórninni hver verði endurskoðandi áður en tilnefning endurskoðanda er staðfest. Framkvæmdastjórninni er heimilt að andmæla og skal kerfisseljandi, og hver sá sem á lögmætra hagsmuna að gæta, ákveða, innan tveggja mánaða og að höfðu samráði við endurskoðandann, hvort skipa beri annan endurskoðanda í hans stað.

6. ÞÁTTUR

BROT OG VIÐURLÖG

13. gr.

Brot

Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu, á grundvelli kvörtunar eða að eigin frumkvæði, að brotið hafi verið gegn ákvæðum þessarar reglugerðar er henni heimilt, með ákvörðun, að krefjast þess að hlutaðeigandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja láti af brotinu. Við rannsóknir á hugsanlegum brotum gegn ákvæðum þessarar reglugerðar skal að fullu taka tillit til niðurstaðna rannsókna skv. 81. og 82. gr. sáttmálsans.

14. gr.

Vald til rannsóknna

Til að framkvæmdastjórnin geti gegnt þeim störfum sem henni eru falin samkvæmt þessari reglugerð getur hún, með einfaldri beiðni eða með ákvörðun, krafðið fyrirtæki eða samtök fyrirtækja um allar nauðsynlegar upplýsingar, þ.m.t. um sértækar endurskoðanir, einkum um málefni sem falla undir 4., 7., 10. og 11. gr.

15. gr.

Sektir

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt, með ákvörðun, að sekta fyrirtæki og samtök fyrirtækja um fjárhæð sem fer ekki yfir 10% af heildarveltu næstliðins rekstrarárs ef þau, af ásetningi eða af gáleysi, brjóta gegn þessari reglugerð.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt, með ákvörðun, að sekta fyrirtæki og samtök fyrirtækja um fjárhæð sem fer ekki yfir 1% af heildarveltu næstliðins rekstrarárs ef þau, af ásetningi eða af gáleysi, veita rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem svar við beiðni samkvæmt ákvörðun, sem samþykkt er skv. 14. gr., eða veita ekki upplýsingar innan tilskilinna tímamarka.

3. Við ákvörðun um fjárhæð sekta skal bæði taka tillit til þess hversu alvarlegt brotið er og hversu lengi það hefur viðgengist.

4. Sektir skulu ekki varða við hegningarlög.

5. Dómstóll Evrópubandalaganna hefur ótakmarkaða lögsögu til að endurskoða ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um sektir. Honum er heimilt að fella niður sekt og hækka eða lækka fjárhæð hennar.

16. gr.

Málsmeðferðarreglur

1. Áður en framkvæmdastjórnin tekur ákvarðanir skv. 13. og 15. gr. skal hún gefa út yfirlýsingu um andmæli til viðkomandi fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja og gefa þeim kost á að skýra sín sjónarmið skriflega og, óski þau þess, við munnlega skýrslugjöf.

2. Framkvæmdastjórninni er óheimilt að láta öðrum í té upplýsingar sem hún aflar samkvæmt þessari reglugerð og sem falla undir þagnarskyldu.

Einstaklingur, sem veitir framkvæmdastjórninni upplýsingar samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, skal á skýran hátt tilgreina og rökstyðja hvaða gögn hann telur trúnaðarmál og skal afhenda sérútgáfu af gögnum, þar sem trúnaðarmálum er sleppt, innan frests sem framkvæmdastjórnin setur.

3. Ef framkvæmdastjórnin lítur svo á, á grundvelli þeirra upplýsinga sem hún hefur, að ekki séu nægilegar ástæður fyrir því að bregðast við kvörtun skal hún upplýsa þann, sem leggur kvörtunina fram, um ástæður þess og gefa honum frest til að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum.

Ef sá, sem leggur kvörtunina fram, skýrir frá sjónarmiðum sínum áður en fresturinn, sem framkvæmdastjórnin gefur, rennur út og skriflegar athugasemdir hans leiða ekki til þess að kvörtunin sé metin á annan hátt skal framkvæmdastjórnin vísa kvörtuninni frá með ákvörðun. Ef sá, sem leggur kvörtunina fram, skýrir ekki frá sjónarmiðum sínum áður en fresturinn, sem framkvæmdastjórnin gefur, rennur út telst kvörtunin hafa verið dregin til baka.

Ef framkvæmdastjórnin gefur út yfirlýsingu um andmæli skal hún afhenda þeim, sem leggur kvörtunina fram, afrit af þeirri útgáfu þar sem trúnaðarmálum er sleppt og gefa honum frest til að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum.

4. Framkvæmdastjórnin skal veita þeim málsaðilum, sem hún hefur beint andmælum til, og þeim sem leggur fram kvörtun aðgang að málsskjölum, ef um það er bedið. Veita skal aðgang eftir að tilkynnt hefur verið um andmæli. Réttur til aðgangs að málsskjölum nær ekki til viðskiptaleyndarmála, annarra trúnaðarupplýsinga og innanhússkjala framkvæmdastjórnarinnar.

5. Framkvæmdastjórninni er heimilt að hlýða á málflutning annarra einstaklinga eða lögaðila telji hún ástæðu til þess.

7. ÞÁTTUR

LOKAÁKVÆÐI

17. gr.

Niðurfelling

1. Reglugerð (EBE) nr. 2299/89 falli úr gildi.

2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

18. gr.

Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa reglulegt eftirlit með beitingu þessarar reglugerðar, ef nauðsyn krefur með sértækum endurskoðunum, eins og kveðið er á um í 14. gr. Hún skal einkum skoða skilvirkni þessarar reglugerðar við að tryggja sanngjarna samkeppni og að ekki sé beitt mismunun á markaði fyrir þjónustu tölvufarskráningarkerfa.

2. Þar sem við á skal framkvæmdastjórnin gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um beitingu 8. gr., að því er varðar sambærilega meðferð í þriðju löndum, og hún skal leggja til viðeigandi ráðstafanir til að draga úr skilyrðum, sem hafa mismunun í för með sér, þ.m.t. gerð eða breytingar á tvíhliða samningum um flutninga í lofti á milli Bandalagsins og þriðju landa.

3. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 29. mars 2013, taka saman skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar þar sem lagt er mat á þörfina á að viðhalda eða breyta þessari reglugerð eða fella hana úr gildi.

19. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi 29. mars 2009.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 14. janúar 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

H.-G. PÖTTERING

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

A. VONDRA

forseti.

*I. VIÐAUKI***REGLUR SEM GILDA UM AÐALSKJÁYFIRLIT**

1. Þegar verð er sýnt á aðalskjáyfirliti, og/eða þegar valin er röðun eftir verði, skulu fargjöld innifalin í verðinu sem og allir viðeigandi skattar, gjöld, aukagjöld og þóknanir sem greiða á flugrekanda eða rekstraraðila í járnbrautaflutningum og eru óhjákvæmileg og fyrirsjáanleg á þeim tíma sem þau eru birt á skjánum.
2. Þegar flutningaþjónusta milli tiltekinnar borgartvenndar er sett saman og valin til birtingar á aðalskjáyfirliti er öll mismunun á milli flugvalla eða járnbrautarstöðva, sem þjóna sömu borg, óheimil.
3. Önnur flug en áætlunarflug skal auðkenna með skýrum hætti. Þegar neytandinn óskar þess á hann rétt á að fá aðalskjáyfirlit yfir áætlunarflug eða óreglubundið flug eingöngu.
4. Flug með millilendingum skal auðkenna með skýrum hætti.
5. Þegar flug er starfrækt af öðrum flugrekanda en þeim sem auðkenndur er með kóða flugrekanda skal sá flugrekandi, sem í raun starfrækir flugið, auðkenndur með skýrum hætti. Sú krafa gildir með þeirri einu undantekningu að um sé að ræða sérstakt tímabundið fyrirkomulag.
6. Upplýsingar um samsetta þjónustu eiga ekki að koma fram á aðalskjáyfirliti.
7. Að vali áskrifanda skulu ferðamöguleikar á aðalskjáyfirliti annaðhvort raðast eftir fargjöldum eða í eftirfarandi röð:
 - i. ferðamöguleikar án millilendinga, raðað eftir brottfarartíma,
 - ii. allir aðrir ferðamöguleikar, raðað eftir ferðatíma.
8. Enginn ferðamöguleiki má koma oftar en einu sinni fyrir á hverju aðalskjáyfirliti, að undanskildu því sem kveðið er á um í 10. lið.
9. Þegar ferðamöguleikar raðast í samræmi við i. og ii. lið 7. liðar og tölvufarskráningarkerfið býður upp á járnbrautaþjónustu á milli sömu borgartvenndar skal a.m.k. sýna þá járnbrautaþjónustu eða flug-/járnbrautaþjónustu, sem raðast efst, á fyrstu skjámynd aðalskjáyfirlits.
10. Þegar flugrekendur starfa samkvæmt sameiginlegu flugnúmerafyrirkomulagi er hverjum hlutaðeigandi flugrekanda — þó ekki fleiri en tveimur — leyfilegt að hafa sérstakt skjáyfirlit með sínum eigin kóða flugrekanda. Ef um er að ræða fleiri en tvo flugrekendur skal sá flugrekandi, sem í raun starfrækir flugið, velja þessa tvo flugrekendur.

II. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Reglugerð (EBE) nr. 2299/89	Bessi reglugerð
1. gr.	1. gr.
2. gr.	2. gr.
1. og 2. mgr. 3. gr.	—
3. mgr. 3. gr.	1. mgr. 3. gr.
4. mgr. 3. gr.	1. mgr. 4. gr.
Grein 3a	1. og 3. mgr. 10. gr.
1. mgr. 4. gr.	9. gr.
2. mgr. 4. gr.	—
3. mgr. 4. gr.	2. mgr. 3. gr.
1. og 2. mgr. 4. gr. a	1. mgr. 4. gr.
3. mgr. 4. gr. a	2. mgr. 4. gr.
4. mgr. 4. gr. a	—
5. gr.	5. gr.
6. gr.	7. og 11. gr.
7. gr.	8. gr.
8. gr.	4. og 5. mgr. 10. gr.
9. gr.	6. gr.
Grein 9a	2. mgr. 5. gr. og 11. gr.
10. gr.	—
11. gr.	13. gr.
12. gr.	14. gr.
13. gr.	14. gr.
14. gr.	2. mgr. 16. gr.
15. gr.	14. gr.
16. gr.	1. til 4. mgr. 15. gr.
17. gr.	5. mgr. 15. gr.
18. gr.	—
19. gr.	1. og 5. mgr. 16. gr.
20. gr.	—
21. gr.	—
Grein 21a	—
21. gr. b	—
22. gr.	11. gr.
23. gr.	18. gr.
I. viðauki	I. viðauki